



Prestar, djáknar, organistar  
Formenn sóknarnefnda

Reykjavík 11. október 2020

Kæra samverkafólk!

Þakka ykkur fyrir góðar móttökur á þeim bréfum sem ég hef sent ykkur hingað til. Þakka ykkur einnig fyrir hvatningu ykkar og frumkvæði, bænir og þjónustu alla, saman komumst við í gegnum þessa óvenjulegu tíma sem nú ganga yfir.

Bréfin öll má nálgast á kirkjan.is, sjá hér: <https://kirkjan.is/default.aspx?pageid=709c618c-efd6-4f9b-994e-da97cda7b696>

Ég þakka prestum fyrir góðan fund sem við áttum á Zoom síðastliðinn föstudag.

Nú er kallað eftir nánari leiðbeiningum og fyrirmælum um tiltekin atriði, sem nefnd voru í bréfinu sem sent var í síðustu viku. Ég bið ykkur vinsamlegast að taka þessi atriði til greina:

1. Útfarir:

- a. 50 manna fjöldatakmörkun er í gildi í útförum, með öllum meðtöldum.
- b. Ekki er gert ráð fyrir því að kirkjum sé skipt í hólf, til að koma fleirum fyrir. Höfum í huga að almenna reglan er sú að 20 manns mega koma saman. Þegar er því búið að gera undanþágu vegna útfara og við skulum ekki þrýsta á þau mörk frekar.
- c. Þó svo hámarksfjöldi í útförum sé 50, er hámarksfjöldi í erfidrykkjum 20.

2. Fermingarfræðsla á höfuðborgarsvæðinu:

Fermingarfræðslutímar falla niður næstu tvær vikurnar á höfuðborgarsvæðinu eða til 25. október nk., í ljósi smita meðal skólabarna og ungmenna. Skólar og heilu árgangarnir í sumum skólum hafa nú verið settir í sóttkví. Þessu verðum við að bregðast við á ábyrgan máta. Samskipti og fræðslu er auðvitað hægt að þróa á netinu.

3. Barna- og æskulýðsstarf. Foreldramorgnar.

Barna- og æskulýðsstarf og foreldramorgnar falla niður næstu tvær vikur eða þar til annað verður ákveðið.

4. Almenn brýning að halda sig heima:

- a. Allt starfsfólk er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.
- b. Allt starfsfólk með undirliggjandi sjúkdóma hugi að sér og haldi sig heima.

Með bæn um blessun Guðs í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.